

Að lakka viðargólf

með vatnspynnalegu pólýúretanlakk

sikkens

Aðferð

Nýmálun á beran við innanhúss

1. Tryggið að viðurinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi. Berið Cetol TFF* á allan flötinn, þynnt 5-10% með vatni. Látið þorna í 4 klst.
2. Slípið (með sandpappír nr. 220-240) og rykhreinsið.
3. Berið Cetol TFF á flötinn. Látið þorna í 4 klst.
4. Slípið létt yfir flötinn (með sandpappír nr. 220-240) og rykhreinsið.
5. Lakkið yfir flötinn með lokaumferð af Cetol TFF.

Athugið: Á þrep skal bera eina aukaumferð af lakkinu.

Lökkun á áður málaða fleti

1. Hreinsið flötinn vandlega og fjarlægjið eldri málningarlög með slípun.
2. Þvoið með Málartvätt. Skiptið reglulega um tuskur. Ef gólfíð hefur verið bónað er ráðlegt að nota fyrst bónleysi (eða rauðspritt).
3. Slípið og rykhreinsið vandlega.
4. Berið Cetol TFF* á allan flötinn, þynnt 5-10% með vatni. Látið þorna í 4 klst.
5. Slípið (með sandpappír nr. 220-240) og rykhreinsið.
6. Berið Cetol TFF á flötinn. Látið þorna í 4 klst.
7. Slípið létt yfir flötinn (með sandpappír nr. 220-240) og rykhreinsið.
8. Lakkið yfir flötinn með lokaumferð af Cetol TFF.

Athugið: Á þrep skal bera eina aukaumferð af lakkinu.

*Einnig er mögulegt að nota matt pólýúretanlakk á viðargólf; þ.e. Cetol BL Varnish Mat.

Cetol TFF lakkið er líka hentugt sem hlífðarlag á kork.

*Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Gljástig: Satingljái

Þurrktími við 20°C/65% raka:

Rykfrítt: Eftir u.þ.b. 1 klst.

Slípun og yfirmálun: Eftir u.þ.b. 4 klst

Má ganga á: Eftir u.þ.b. 12 klst

Gegnumharðnað: Eftir u.þ.b. 4 daga

Þynning: 10% í fyrstu umferð. Næstu umferðir má hafa óþynntar

Verkfæri: Lakkpenslar, lakkrúllur

Þekja: Um 10 m²/l (veitur mikið á undirlagi og aðferð við lökkun)

Hreinsun verkfæra: Með vatni strax eftir notkun



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík | 517 0404 | serefni.is